

Reglur um námsstyrki til stofnana Fjarðabyggðar

endurskoðaðar 2011

Reglur um styrki til stofnana Fjarðabyggðar sem hafa á að skipa starfsmönnum sem:

- a) stunda viðurkennt réttindanám á framhalds- eða háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð.
- b) stunda viðurkennt starfstengt framhaldsnám á háskólastigi, sem gagnast í starfi hjá Fjarðabyggð. Krafist er a.m.k. 10 ECTS eininga á önn.
- c) eru í 50% starfi eða herra hlutfalli hjá Fjarðabyggð

Fyrirkomulag styrkveitinga.

1. Styrkurinn er fólgin í einum eða fleirum eftirtalinna liða allt eftir þörf hverrar stofnunar:
 - a) Stofnunin fær úthlutað allt að 50.000 kr. árlega fyrir hvern starfsmann sem stundar ofangreint nám og er í a.m.k. 50% starfi. Styrkveitingar miðast við fjárheimildir hvers árs.
 - b) Stofnunin fær úthlutað sem nemur allt að 48 yfirvinnustundum á ári fyrir hvern starfsmann svo hann megi þreyta próf á vinnutíma og/eða sækja staðbundnar námslotur. Styrkveitingar miðast við fjárheimildir hvers árs.
 - c) Stofnunin fær leyfi til þess að bjóða starfsmanni uppá sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu.
2. Forstöðumaður stofnunar sækir um styrk vegna námsins til mannauðssviðs Fjarðabyggðar á þar til gerðu umsóknareyðublaði fyrir **1. júlí** og **1. desember** og skulu staðfestingar um skólavist fylgja með umsókninni.
3. Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingum um námsframvindu skal komið til forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

Reglurnar eru til þriggja ára en verða endurskoðaðar í maí ár hvert.

Styrkveitingar vegna a-liðar eru veittar af fjárhagslið þess árs sem sótt er um styrk og er styrkur til 12 mánaðar tímabils, en framlög til stofnana vegna b-liðar eru veittar af fjárheimild komandi fjárhagsárs.

Endurskoðað í febrúar 2011.
Staðfestar í bæjarráði 8. febrúar 2011
Staðfestar í bæjarstjórn 17. febrúar 2011